

# SAMTÖK FJÁRFESTA

ALMENNRA HLUTABRÉFA- OG SPARIFJÁREIGENDA

Reykjavík, 30. apríl 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

*Alþingi*

*Erindi nr. B 120 / 1803*

*komudagur 215 1996*

Efni: Frumvörp til laga um fjármagnstekjuskatt

Samtökin leggja áherslu á að fjármagnsskattar verða ekki greiddir með öðru en raunverulegum fjármagnstekjum skattaðila. Tilgangur skattheimtunnar er enda ekki sá að gera eignir upptækar. Nettó raunvextir þeirra einstaklinga sem eiga og skulda fjármagn eru því hinn eðlilegi skattstofn enda þótt skattleggja megi nettó eign svo sem nú er gert.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skatthlutfall raunvaxta sé breytilegt eftir verðbólgu- og ávöxtunarstigi. Slíkt fyrirkomulag er afar óheppilegt og óréttlátt, ekki síst í ljósi þess að fyrir mönnum vakti að skattleggja allar fjármagnstekjur með sama hætti.

Athugasemdir Samtakanna lúta fyrst og fremst að því að sýna fram á hversu auðvelt sé með verðbreytingarfærslu sem skattstjóri reiknar fyrir hvern framteljanda að bæta hér úr þannig að allir greiði sama hlutfall raunvaxtatekna sinna í skatt.

Fjármagnstekjur einstaklinga eru í dag skattlagðar með því að einstaklingum er gert að greiða eignarskatt. Samtökin leggja hér til að eignarskattar einstaklinga verði lækkaðir þegar fjármagnstekjuskattur verður lögleiddur, þannig að heildarskattbyrði þeirra aukist ekki.

Fjármagnstekjur félaga eru í dag tví- eða margskattaðar með því að hagnaður fyrirtækja er skattlagður bæði þar sem hann myndast og í hendi viðtakanda þegar hann er greiddur út. Þetta fyrirkomulag hefur að sjálfsögðu þær afleiðingar í för með sér að hagnaði er safnað upp í fyrirtækjum í stað þess að greiða hann út. Segja má að ekki hafi verið vanþörf á að auka eiginfé fyrirtækja síðustu ár en nú er lag að fella þetta úr gildi og það tækifæri ætti að nýta til þess að ekki þurfi að breyta öllum vel reknum fyrirtækjum í fjárfestingarsjóði. Ekki er eðlilegt að takmarka eða tvískatta útgreiðslu arðs en ef löggjafinn af einhverjum ástæðum vill halda í slíka takmörkun er eðlilegra að miða hana við eigið fé félags eða markaðsvirði hlutafjár hjá skráðum félögum.

Í dag eru fjármagnstekjur félaga skattlagðar með fullum þunga og því er enginn grundvöllur fyrir því að bæta eignarskatti þar ofan á. Líta verður á eignarskatt félaga sem tvísköttun fjármagns.

Einstaklingar, sjóðir og sjálfseignastofnanir, sem nú greiða ekki skatt verða með lögum þessum skyldir til að greiða fjármagnstekjuskatt. Ýmsir þessara aðila hafa verið að taka lán til verðbréfakaupa sem ekki er hægt að endurgreiða og væri beinlínis ósanngjarnt að skattleggja vaxtatekjur þeirra án þess að leyfa að vaxtagjöld slíkra lána kæmu áður til frádráttar.

Tillögur til breytinga á Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr. Takmarkanir á heimild til frádráttar útborgaðs arðs verði felldar niður, eða a.m.k. miðaðar við eigið fé félags eða markaðsvirði hlutafjár skráðra félaga.

7. gr. við 1. mgr. bætist:

að viðbættri eða frádraginni verðbreytingarfærslu sem skattstjóri reiknar út með því að margfalda framtalda nettó eign sem myndar fjármagnstekjur með verðbreytingarstuðli sem ríkisskattstjóri auglýsir.

Neikvæður fjármagsskattur endurgreiðist ekki en má færa milli 7 ára.

Ný málsgæin bætist við efnislega á þessa leið:

Eignarskattur einstaklinga og annarra sem greiða 10% fjármagnstekjuskatt skal vera 0,6% en aðilar sem greiða almennan tekjuskatt af fjármagnstekjum sínum skulu greiða 0,0% eignarskatt.

Tillögur til breytinga á Frumvarpi til laga um staðgreiðslu fjármagnstekna.

1. gr. Í upphafi 1. greinar komi orðin „af raunvöxtum” í stað orðanna „af vöxtum”.

4. gr. Nýr málslíður svohljóðandi komi inn eftir 6. tl.:


Skattstjóri skal reikna verðbreytingarfærslu með því að margfalda heildarupphæð peningalegra eigna sem mynda skattstofn skv. 4. gr. með verðbreytingarstuðli sem ríkisskattstjóri ákveður í samræmi við verðbreytingu milli ára og leggja við eða draga frá framtöldum tekjum við álagningu opinberra gjalda næsta ár. Neikvæða niðurstöðu má færa milli 5 ára en kemur ekki til útborgunar.

Ný málsgæin, svohljóðandi, komi inn:

Nú hefur einstaklingur eða annar skattskyldur aðili skv. 2. gr. keypt verðbréf eða fjárfest með öðrum hætti fé sem hann hefur fengið að láni og er honum þá heimilt að draga slík fjármagnsgjöld frá fjármagnstekjum á framtali sínu næsta ár, enda komi skuldin til frádráttar peningalegra eigna við útreikning verðbreytingarfærslu.

Þar sem skammur tími var veittur til umsagnar um frumvörp þessi er hér með óskað eftir að fulltrúi Samtaka fjárfesta megi koma á fund nefndarinnar til þess að útskýra mál þetta betur.

Með virðingu,



Þorvarður Eliásson, formaður